

LEIKSVÆÐI.

Fyrir neðan sundlaugin er leiksvæði með leiktækjum frá Barnasmíðjunni og þar er einnig gríðarlega vinsæll 110 fm. hoppupúði. Á tjaldsvæðinu er körfubolta-grind, tvö fótbolta-mörk og strandblak.

GOLFVÖLLUR.

Níu holu golfvöllur, í fallegu umhverfi. Brautirnar liggja meðfram bökkum Kaldár og Stuttár þar sem kyllingar þurfa að vanda sig við leikinn því víða er vatn við brautirnar og stutt í skóginn. Spannandi golfvöllur og krefjandi. Fyrsta braut er rétt fyrir neðan sundlaugin þar sem afgreiðslan fer fram.

SUNDLAUG.

Sundlaugin er ein vinsælasta afþreyingin á svæðinu. Hún var upphaflega byggð árið 1965 en síðan hafa miklar endurbætur verið gerðar á lauginni og umhverfi hennar. Laugarnar eru tvær, ásamt tveim heitum pottum og vatnsrenni-braut.

VERSLUN OG VEITINGASTAÐUR.

Í þjónustumiðstöð eru seldar helstu nauðsynjar í mat og drykk. Þar eru einnig veitingasalur og veislubjónusta. Opið alla daga yfir sumarið og fram á haust. Vetraropnun auglýst sérstaklega á www.husafell.is.

TJALDSVÆÐI OG SMÁHÝSI.

Tjaldsvæði í skógivöxnu umhverfi með aðgang að rafmagni, eldunar-aðstöðu, salernum, sturtum, vöskum og þvottahúsi. Í Reyðarfellsskógi (um 2 km. frá) eru einnig tjaldstæði í fallegu umhverfi með salernisaðstöðu, stórar flatir, tilvaldar fyrir hópa. Í smáhýsunum er boðið upp á svefnþokagistingu (tveir í húsi). Eldunar-aðstaða er sameiginleg fyrir öll hús.

SUMARHÚS.

Til leigu tvö 50 fm. Sumarhús. Yfir sumarmánuði er leigt í eina viku í senn en á veturna er helgarleiga og /eða vikuleiga.

VARÐELDUR.

Yfir hásumarið er tendraður varðeldur í Hátíðarlundi á laugardagskvöldum.

NÁGRENNI.

Hraunfossar og Barnafoss, Langjökull, Surtshellir, Víðgelmir, Arnavatnsheiði, Reykholt, Deildartunguhver og Hvanneyri.

Umgengnisreglur:

1. Gangið þrífalega um landið. Brýnið góða umgengni fyrir börnum og verið þeim til fyrirmyndar.
2. Látið allt rusl í ruslagáma, sem eru við innkeyrsluna á svæðinu.
3. Sýnið öðrum gestum tillitsemi. Yfir nóttina frá kl. 24:00 til kl. 09:00 er stranglega bannað að vera með hávaða eða annað ónæði.
4. Hlífið gróðri, bannað er að kveikja opinn eld á svæðinu. Notið ekki grill sem liggja á eða við jörð.
5. Akið ekki utan vegarslóða og athugið að 20 km hámarkshraði er á sumarhúsa- og tjaldsvæðum.
6. Lausaganga hunda er stranglega bönnuð og er skylt að þrifa eftir þá.
7. Aðgangur ungmenna að svæðinu, án forráðamanna er takmarkaður.
8. Notkun torfæruhjóla er bönnuð í landi Húsafells.
9. Gerið starfsfólki aðvart ef þið verðið fyrir ónæði.
10. Brot á lögum eða umgengisreglum varðar brottrekstur af svæðinu, án nokkurra bóta.

Fjölskyldustefna:

- Húsafell sýni gott fordæmi bæði sem atvinnurekandi og þjónustuaðili að hafa þarfir fjölskyldunnar að leiðarljósi við skipulag og uppbyggingu orlofsstaðarins, hvort sem þjóna á börnum eða fullorðnum.
- Stuðla að mannúðlegu og fjölskylduvænu samfélagi þar sem áhersla er lögð á fjölskylduna sem hornstein samfélagsins.
- Leitast við að gera gesti Húsafells meðvitaða um samfélagslega ábyrgð á uppeldi barna.
- Unglingar skulu ávallt vera í fylgd forráðamanna og skemmtanir miðast við sameiginlega hagsmuni fjölskyldunnar.



GÖNGULEIÐIR Á HÚSAFELLI

VIÐ VILJUM BENDA GESTUM SVÆÐISINS Á AÐ GANGA VARLEGA UM NÁTTÚRUNA OG HREYFA EKKI VIÐ VIÐKVÆMUM HLEDGLUM FORNRA MANNVIRKJA.

SÖGUGANGA UM HÚSAFELL

Við eftirfarandi sögustaði eru fræðsluskilti með frekari upplýsingum.

HÚSAFELL MÁ KALLA DRAUMALAND GÖNGUMANNINS. Allt um kring eru heillandi gönguleiðir, þar sem alltaf ber eitthvað nýtt fyrir augu. Þéttir skógar, hraunmyndanir, kristaltærar uppsprettur, stórbrotin gil, jöklar, hvítýssandi jökulár, fjölbreytt dýra- og fuglalíf auk merkra fornminja og annarra mannvistarleifa, sem segja ótal sögur um liðna tíð og sambýli manns og náttúru. Einnig gengur ferðalangurinn víða fram á sérkennilegar höggmyndir Páls Guðmundssonar myndhöggvara, sem skerpa oft svip landsins á nærgættinn hátt við náttúruna. Hægt er að finna auðveldar gönguleiðir fyrir alla fjölskylduna, eins og leiðirnar um skógin og einnig eru áhugaverðar leiðir fyrir þá brattgengu. Þar má nefna há fjöll eins og Eiríksjökul og Ok. Hestamenn og hjólréiðamenn finna líka spennandi leiðir fyrir sig.

1 ODDAR: Gengið er eftir skógargötum sem liggja vestur úr sumarhúsabyggðinni. Oddar eru gríðarmiklar kalda-vermslisindir með skógarhólum og fjölbreyttu fuglalífi. Þaðan er stutt ganga upp með ánni að ármótum Norðlingafjótts og Hvítár. Þar er sérkennilegt að sjá hvernig tært Norðlingafjótíð blandast við jökullitaða Hvítánnu. Skammt fyrir neðan ármótin er Hundavaðsfoss í Hvítá. Loks er haldið til suð-austurs eftir söndunum að slóða sem liggur að sumarhúsabyggðinni. Það tekur um eina og hálfu klukkustund að ganga þessa leið í rólegheitum.

2 KALDÁRBOTNAR: Gengið er upp með Kaldá að norðanverðu, leiðin er stutt og endar við gullfallegar uppsprettur í skógarjaðrinum, þar sem alltaf má upplífa fegurð náttúrunnar á þessum fríðsæla og rómantíska stað.

3 OK: Jökullinn hvílir á 1170 m hárra grágrýtisdýngju og er einn minnsti jökull landsins. Best er að ganga upp með Bæjargili að vestanverðu en efst í Bæjargili er Drangsteinabrún, sem er með sérkennilegu stuðlabergi. Skammt suður af Drangsteinabrún eru litlar tjarnir og er farið austan við þær og þaðan beint á há Okíð. Ætla verður fimm til sex tíma í gönguna.

4 SELGIL: Selgil er gilið á milli Selfjalls og Bæjarfells. Þvert á Selgil er Teitsgil en þar eru heitar laugar og borhola, sem nýtt er fyrir Húsafellssvæðið. Þar var áður þvottalaug og sér vel móta fyrir henni. Á bakaleið er gott að ganga upp hvamminn norðan við borholuna og þaðan upp á Selfjall og njóta útsýnis til vesturs. Af Selfjalli liggur gata að Húsafelli. Falleg þriggja tíma gönguleið fram og til baka.

5 DEILDARGIL OG HRINGSGIL: Óhætt er að segja að hingað til hafi Deildargil og Hringsgil verið nokkurs konar leyristaðir í Húsafellssíðinu. En þar má finna heillandi gönguleiðir í stórbrotnu umhverfi. Best er að hefja gönguna frá tjaldstæðunum í Reyðarfellsskógi og ganga þar upp með skógi vöxnum lækjarbökkum. Á köflum rennur lækurinn í djúpu klettgljúfri. Þegar komið er upp fyrir skógarmörkin, skal halda til vesturs að Deildargili. Ófarlega í giliinu fellur mikill foss sem er kallaður Langifoss. Þaðan er auðveldast að fylgja ánni niður að þjóðvegi.

HÉR ER ERU TVÆR TEIKNINGAR SEM SÝNA HELSTU GÖNGULEIÐIRNAR AUK ÞESS SEM ANNARRA ER GETIÐ. EFRÍ MYNDIN SÝNIR GÖNGULEIÐIR NORDAN KALDÁR EN SÚ NEÐRI SÝNIR LEIÐIR SUNNAN ÁRINNAR.

Leiðirnar eru tölusettar og merktar, eftir því hversu erfiðar þær eru:

GUL LEIÐ: Auðveld leið sem allir ættu að geta gengið.

GRÆN LEIÐ: Erfiðari ganga. Munið eftir því að vera vel klædd og hafið með ykkur nesti.

BLÁ LEIÐ: Skemmtileg en krefjandi leið fyrir vana göngumenn. Hér þarf að taka með sér áttavita og kort, auk annars búnaðar fyrir erfiðari göngur. Reiðleiðir eru sérmerktar sem


BRÚNAR LÍNUR.



6 HLÍÐARENDI: Skemmtilegt er að ganga fram á Hlíðarenda en þá er farin gatan sem liggur inn að Selgili og þaðan upp skógargötuna fram með hlíð, sem heitir Þrengsli. Á Hlíðarenda var býli sem fór í eyði vegna gestanaúðar. Þessa leið er ekki síður skemmtilegt að fara á veturna á gönguskíðum.

7 BÆJARFELL: Auðvelt er að ganga á Bæjarfell en þá er gengið upp með Bæjargili austanverðu og þaðan upp á háfellið. Þaðan er fagurt útsýni og á góðviðrisdögum sést Snæfellsjökull í vestri. Hægt er að komast yfir Bæjargil á milli fossa á mótis við Drangsteinabrún, en þá er gengið niður með Bæjargili að vestanverðu.

8 STRÚTUR: Ganga á Strút (938 m) er auðveld og hættulaus en nokkuð löng. Best er að hefja gönguna af hálsinum norðan við Kalmantungu og fylgja vegarslóða sem liggur upp á fjallið. Af Strút er mikið útsýni yfir Arnarvatnsheiði, Borgarfjörð, Húnavatnssýslur og Strandafjöll. Í Strúti, norðaustanverðum, er áhugavert gil sem nefnt er Draugagil, en sagt er að Snorri á Húsafelli hafi varpað 81 draugi í gilið.



Fyrsta heimild um Húsafell er Eyrbyggja frá árinu 1170 en þar var þá þegar kirkjustaður. Einna frægastur ábúenda á Húsafelli er eflaust séra Snorri Björnsson, en hann bjó þar á árunum 1757 til 1803. Um hann hafa verið ritaðar bækur og ótal frásagnir eru til af honum og sumar hverjar með miklum þjóðsagnablæ.

A. DRAUGARÉTT. Fyrir neðan kirkjuna á Húsafelli er Draugaréttin. Sagt er að þar hafi Snorri kveðið niður 81 draug sem voru sendir honum til höfuðs.

B. TÚNGARÐUR. Austan við draugaréttina mótast fyrir gömlum túngarði en hleðslan nær upp í hlíðina. Þessa hleðslu hlóðu bændur á meðan korn þeirra var malað í myllunni.

C. KIRKJA. Elstu heimildir um Húsafellskirkju eru frá því um 1170. Ný kirkja var byggð á árunum 1950 til 1973. Hugmynd að útliti hennar á Ásgrímur Jónsson listmálari.

D. GAMLI BÆRINN. Gamli bærinn á Húsafelli var byggður árið 1908. Ásgrímur Jónsson listmálari dvaldist mörg sumur í Gamla bænum, enda fann hann á Húsafelli náttúru Íslands í hnotskurn.

E. LISTAVERKIN. Páll Guðmundsson listamaður er alinn upp á Húsafelli og er hann sjötti liður frá séra Snorra. Páll er fjölbær listamaður sem vinnur verk sín í grjót, á pappír og striga.

F. KVÍARNAR. Séra Snorri mjólkaði ænar í kvíunum, en þeim var lokað með Kvíahellunni sem fljótlega varð þekktur sem afraunasteinn.

G. MYLLUTÓFTIN. Fyrir ofan Kvíarnar var mylla knúin með vatni frá Bæjargili. Þar móludu Húsfellingar korn fyrir sig og nágranna sína.

H. GEITAKOFATÓFTIN. Geitakofarnir stóðu vestan og ofan við Kvíarnar. Kvíarnar voru tvískiptar því að ænar voru mjólkaðar í öðru hólfinu en geiturnar í hinu.

I. TÓFUGILDRAN. Skammt fyrir ofan myllutóftina má sjá haganlega hlaðna tófugildru frá dögum Snorra. Gildruna væri hægt að nota til tófuveiða í dag.

J. BÆJARGIL. Frá Tófugildrunni liggur leiðin niður í Bæjargil en það aðskilur Bæjarfell og Útfjall. Páll Guðmundsson listamaður hefur sótt efnivið í mörg listaverka sinna í Bæjargilið enda má þar sjá ýmsar kynjaverur meitlaðar í grjót.

